




Borgarstjórnin í Reykjavík



Reykjavík, 13. maí 2020  
R20050129  
óm

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Tjarnargötu 11  
105 REYKJAVÍK

***Tillaga Karinar Guttesen, fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hliða um að tryggja aðgengi félagsmiðstöðva að íþróttahúsi í öllum hverfum Reykjavíkurborgar***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga Karinar Guttesen, fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hliða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beina því til skóla- og frístundaráðs að tryggja aðgengi félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar að íþróttahúsi í hverfi þeirrar félagsmiðstöðvar sem um ræðir. Lagt er til að breytingin taki gildi í byrjun skólaárs 2020-2021.

**Greinargerð:**

Margar félagsmiðstöðvar í Reykjavík hafa ekki aðgengi að íþróttahúsi með viðeigandi íþróttasal. Við teljum það mikilvægt að Reykjavíkurborg tryggji að allar félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar hafi aðgengi að íþróttahúsi í sínu hverfi í að minnsta kosti tvær og hálf klukkustund á viku sem miðast við að jafnaði eina kvöldopnun í viku. Með því getur hver og ein félagsmiðstöð haft kost á því að auka til muna heilsueflingu í starfi sínu fyrir ungmenni síns hverfis. Ekki æfa öll ungmenni íþróttir en með því að bjóða upp á heilsueflandi dagskrá að minnsta kosti einu sinni í viku í hverri félagsmiðstöð er hægt að virkja mun fleiri ungmenni til hreyfingar.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. ✓

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

**Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.**

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af menningar-, íþrótt- og tómstundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal  
e.u.